

**Ed. 737. Frumvarp til laga [391. mál]**

um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skal vera sjálfstæð vísindaleg stofnun og samstarfsvettvangur aðila er sinna rannsóknum á því sviði.

2. gr.

Hlutverk Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála skal vera að:

1. Vinna að rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni er teljast hafa fræðilegt eða hagnýtt gildi fyrir skóla og menntamál á Íslandi.
2. Veita faglega ráðgjöf um rannsóknir og þróunarverkefni á sviði uppeldis- og menntamála.
3. Veita kennurum, kennaraefnum og háskólastúdentum í framhaldsnámi á sviði uppeldis- og menntamála þjálfun og ráðgjöf í fræðilegum vinnubrögðum.
4. Kynna íslenskar og erlendar rannsóknir.

Við Rannsóknastofnun uppeldismála skulu starfa sérfræðingar á sviði uppeldis- og menntamála. Heimilt er háskólakennurum að inna vinnuskyldu sína, eða hluta hennar, af hendi með störfum í þágu stofnunarinnar.

3. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála skal vera í höndum stjórnarnefndar sem í eiga sæti: Rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands; fjórir fulltrúar tilnefndir til fjögurra ára af

eftirtöldum aðilum: fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður stjórnarnefndar, fulltrúi tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands, fulltrúi tilnefndur af skólaráði Kennaraháskóla Íslands, fulltrúi tilnefndur af samtökum kennara á grunn- og framhaldsskólastigi.

Formaður boðar fundi stjórnarnefndar og stýrir þeim. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytis um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður, að fengnum tillögum, forstjóra, starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

#### 4. gr.

Vísindalegu starfi Rannsóknastofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri. Stjórnarnefnd ræður forstjóra til fjögurra ára í senn. Ráðning hans er háð staðfestingu ráðherra. Forstjóri skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru til prófessora. Í reglugerð fyrir stofnunina skal kveða nánar á um kröfur sem gerðar eru til forstjóra um vísindalega hæfni og hvernig hún skuli metin.

Forstjóri skal hafa umsjón með fjárreiðum stofnunarinnar, framgangi rannsóknarverkefna og útgáfustarfsemi og annast daglegan rekstur, m.a. ráðningu starfsmanna til minni háttar verkefna. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur ársskýrslu um starfsemina.

#### 5. gr.

Heimilt er í reglugerð fyrir Rannsóknastofnun uppeldismála að setja nánari ákvæði um starfssvið stofnunarinnar og starfshætti.

#### 6. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Brýna nauðsyn ber til að efla rannsóknir á sviði uppeldis- og skólastarfs. Vönduð rannsóknavinna og fræðistörf á þessu sviði eru forsenda flestra umbóta í almennu skólastarfi og bættri starfsmenntun kennara. Rannsóknum á íslensku menntakerfi má skipta í þrennt eftir því hvaða megintilgangi þær þjóna.

Í fyrsta lagi eru rannsóknir nauðsynlegar til þess að tryggja að tekið sé mið af íslenskrri menningu og þjóðfélagsaðstæðum á hverjum tíma. Mikilvægt er að draga fram sérkenni íslenskrar menningar og íslensks þjóðfélags og tengja þau skólastarfi á kerfisbundinn hátt. Eins er nauðsynlegt að byggja á þeirri reynslu sem kennarar og skólamenn hafa aflað sér í starfi við íslenskar aðstæður. Þá er varhugavert að flytja inn erlendar skólastefnur meira og minna hráar án þess að rannsakað sé hversu vel þær henta hér á landi. Öflugar rannsóknir á sviði uppeldis- og skólamála eru því afar mikilvæg forsenda fyrir ábyrgri skólastefnu og gildur þáttur menningarlegs sjálfstæðis.

Í öðru lagi eru rannsóknir nauðsynlegar til þess að hægt sé að meta árangur af skólastarfi. Þetta á ekki síst við um mat á nýjungum og ýmiss konar þróunarstarfi.

Í þriðja lagi má nefna að mikilvægt er fyrir daglegan rekstur og stjórnun að halda til haga, vinna úr og setja fram upplýsingar um skólastarf á skipulegan og kerfisbundinn hátt. Slík rannsóknavinna er einnig nauðsynleg forsenda fyrir farsælli stefnumótun í skólámálum.

Rannsóknir á íslensku skólakerfi hafa verið af skörnum skammti. Einstakir fræðimenn, einkum við Kennaraháskólann og Háskóla Íslands og enn fremur einstakir starfsmenn menntamálaráðuneytisins, hafa unnið að afmörkuðum rannsóknum. Mikilvægt er að samræma þessa rannsóknastarfsemi — skapa samstarfsvettvang fyrir virka umræðu. Þá er og mikilvægt að koma á fót miðstöð sem veitir bæði ráðgjöf og aðstöðu fyrir rannsóknir á sviði uppeldis- og skólamála, jafnframt því sem slík miðstöð sæi um að þjálfa rannsóknafólk og halda námskeið um nýjungar í rannsóknaaðferðum, meðferð og úrvinnslu gagna. Þróunin hefur einmitt verið í þá átt í nágrannalöndum okkar að efla miðlægar rannsóknastofnanir á sviði uppeldismála og sameina þannig krafta rannsóknamanna sem fást við slík verkefni.

Íslensk kennarasamtök og áhugamenn um skóla- og uppeldismál hafa um áratuga skeið lagt mikla áherslu á rannsóknir í þágu íslenskra barna. Barátta þessara aðila fyrir viðurkenningu löggjafans á rannsóknarþörf á sviði íslenskra uppeldis- og skólamála bar nokkurn árangur er Rannsóknastofnun uppeldismála var komið á með ákvæðum í lögum nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands. Stofnunin tók þó ekki formlega til starfa fyrr en á árinu 1983 er stjórn var skipuð og ráðinn var forstöðumaður.

Á undanförnum árum hefur stofnuninni smám saman vaxið ásmegin þótt verulega skorti á um fé og mannafla til að unnt sé að sinna því veigamikla hlutverki sem henni er ætlað. Ljóst virðist að Rannsóknastofnun uppeldismála þarf að hafa á að skipa tveimur starfsmönnum hið minnsta auk forstjóra og ritara í hálfu starfi. Æskilegast væri að annar þeirra hefði sérþekkingu á sviði tölfræði og aðferðafræði en hinn á sviði skóla- og uppeldismála.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga er Rannsóknastofnun uppeldismála samstarfsvettvangur þriggja aðila; Kennaraháskólans, Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytis. Stofnunin hefur sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórnarnefnd.

Samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps er Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála gerð að sjálfstæðri stofnun. Sú skipan er edlilegri en að tengja hana lögum einnar af þeim stofnunum sem að henni standa.

Frumvarp þetta er í nokkru frábrugðið ákvæðum gildandi laga. Verksvið stofnunarinnar er aukið, samtökum kennara er fengin aðild að stjórn stofnunarinnar og gert er ráð fyrir að stjórnarnefnd Rannsóknastofnunar ráði forstjóra að stofnuninni og gegni hann því sem fullu starfi.

*Ahugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Kveðið er á um að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skuli vera sjálfstæð vísindaleg stofnun og samstarfsvettvangur þeirra aðila er sinna rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutverk Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála. Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum 14. gr. laga nr. 38/1971. Nýmæli er ákvæði um að stofnunin skuli veita faglega ráðgjöf á sviði uppeldis- og menntamála.

Um 3. gr.

Greinin víkur efnislega frá ákvæðum 1. tölul. í 15. gr. laga nr. 38/1971 í eftirtöldum atriðum:

1. Samtök kennara á grunn- og framhaldsskólastigi fá hér fulltrúa í stjórnarnefnd stofnunarinnar og þannig aukin tengsl rannsókna við skólastarf.
2. Gert er ráð fyrir að skólaráð Kennaraháskóla Íslands tilnefni fulltrúa í stjórnarnefnd en samkvæmt gildandi lögum er fulltrúi tilnefndur af föstum kennurum í uppeldisskor.
3. Kveðið er á um að tilnefning í stjórnarnefnd sé til fjögurra ára í senn.

Um 4. gr.

Ákvæði 4. gr. eru efnislega sambærileg við ákvæði 2. tölul. í 15. gr. gildandi laga. Nýmæli er að gert er ráð fyrir því að stjórnarnefnd ráði forstjóra að stofnuninni til fjögurra ára í senn. Skal forstjóri Rannsóknastofnunar uppeldismála uppfylla hæfniskröfur sem gerðar eru til prófessora. Þessi skipan eykur ábyrgð stjórnarnefndar og sjálfstæði stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir því að í reglugerð fyrir Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sé nánar kveðið á um starfssvið og starfshætti stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.